

## Borgarhátíðir 2023 til 2025

### Greinargerð faghóps

Faghópur um val á borgarhátíð 2023 til 2025 fundaði þrisvar sinnum; 19., 25. og 28. apríl 2022. Vinnan fór þannig fram að hver las umsóknirnar og lagði mat á þær eftir sérstöku matsblaði sem byggt var á grunni reglna um borgarhátíðir er samþykktar voru í borgarráði 10. mars 2022. Síðan bar hópurinn saman niðurstöður sínar og komst að sameiginlegri niðurstöðu.

Í faghópnum voru: Lína Petra Þórarinsdóttir Reykjavíkurborg, formaður faghóps, Markús Þór Andrússon Reykjavíkurborg, Eva María Þ. Lange f.h. SAF, Gunnar Gunnsteinsson f.h. Samtaka skapandi greina og Hallveig Rúnarsdóttir f.h. BÍL.

### Inngangur

Nítján hátíðir sóttu um að vera valdar borgarhátíð Reykjavíkur 2023 til 2025, þær eru:

- Berjadagar
- Bókmenntahátíð Reykjavíkur
- Erkitíð
- Götubitahátíð
- Hinsegin dagar
- Hönnunarmars
- Iceland Airwaves
- Jazzhátíð Reykjavíkur
- List án landamæra
- Listahátíð Höggmyndagarðs Reykjavíkur
- Lókal alþjóðleg leiklistarhátíð
- Myrkir músíkdagar
- Óperudagar
- RIFF – Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík
- Reykjavík Dance Festival
- RVK Fringe
- Secret Solstice
- Sequences
- Torgið listamessa

Núverandi borgarhátíðir eru: Hinsegin dagar, Hönnunarmars, Iceland Airwaves, RIFF, Myrkir músíkdagar og Reykjavík Dance Festival, og fengu þær samanlagt 50 milljónir árlega.

Matsblað faghópsins tók m.a. á eftirtöldum þáttum:

- hversu mikið hátíðin eflir menningu og mannlíf í Reykjavík
- hversu opin hún er almenningi, aðgengileg og sýnileg
- hversu miklar alþjóðlegar tengingar hátíðin hefur
- hvort hátíðin uppfylli skilyrði um fagmennsku og gæði
- góðra stjórnarháttar og rekstrarlegs gagnsæis
- hvort hátíðin styðji við menningarstarf í hverfum borgarinnar
- hvort hátíðin stuðli að atvinnusköpun

Jafnframt var þar horft til þátta á borð við barnamenningu, þróunarmöguleika, nýsköpunar, möguleika á eigin tekjuöflun, umhverfismála o.fl.

## Niðurstaða

*Reykjavík Dance Festival – 7,5 milljónir.* RDF er eina listdanshátíðin á Íslandi og hefur sannað mikilvægi sitt fyrir framþróun dansins sem listgreinar hér á landi. Hún styður við frumsköpun í greininni, er vettvangur atvinnusköpunar og mikilvægur stökkpallur fyrir íslenska dansara og danshöfunda út í heim. Hátíðin sinnir jafnframt vel því mikilvæga hlutverki að efla mannlíf og menningu í Reykjavík, og hefur náð góðum árangri þegar kemur að því að kynna danslistina fyrir ólíkum hópum líkt og sést á mikilli aukningu í gestafjölda undanfarin ár.

*Óperudagar – 5 milljónir.* Óperudagar eru ung hátíð sem hefur sannað sig sem frjór og faglegur vettvangur sem er vel til þess fallinn að auðga mannlíf í borginni og vekja athygli á listforminu, enda eru viðburðir á hennar vegum haldnir um alla borg og á óhefðbundnum stöðum. Óperudagar eru hátíð allra greina klassískrar sönglistar og hefur þrátt fyrir að vera ung að árum þrisvar sinnum hlotið tilnefningu sem Tónlistarhátíð ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum og unnið verðlaunin einu sinni. Hátíðin hefur sterka alþjóðlega tengingu og uppfyllir vel þau skilyrði sem sett eru fram fyrir borgarhátíðir.

Það er samhljóða niðurstaða faghópsins að þessar tvær hátíðir, sem hvor um sig gegna lykilhutverki í sinni listgrein eigi fullt erindi til að halda og hljóta titilinn borgarhátíðir Reykjavíkur næstu þrjú ár.

Jafnframt telur hópurinn að þær fjórar hátíðir sem hafa verið borgarhátíðir undanfarin sex ár gegni hver um sig mikilvægu hlutverki í að birta fjölbreytta menningu borgarinnar og styrkja ímynd Reykjavíkur sem lifandi menningar- og mannréttindaborgar. Því telur hópurinn mikilvægt að þær verði áfram borgarhátíðir Reykjavíkur.

*Hinsegin dagar – 10 milljónir.* Hátíðin er einstakur viðburður, mannréttinda- og menningarhátíð sem fagnar sýnileika og baráttu hinsegin fólks á Íslandi. Hinsegin dagar styrkja ímynd Reykjavíkurborgar sem mannréttindaborgar gagnvart íbúum hennar og erlendum gestum, og uppfyllir vel öll skilyrði sem sett eru fram í reglum um borgarhátíðir.

*Hönnunarmars – 10 milljónir.* Hönnunarmars er eina hátíðin í borginni sem varpar ljósi á íslenska hönnun, hreyfiafl fyrir samfélagið sem laðar að sér fjölda gesta ár hvert, og eitt helsta kynningarverkefni íslenskrar hönnunar og arkitektúrs innanlands sem og á erlendum vettvangi. Hátíðin hefur skipað sér fastan sess í hátíðarflóru borgarinnar og gegnir gríðar mikilvægu hlutverki fyrir íslenska hönnun.

*Iceland Airwaves – 10 milljónir.* Iceland Airwaves er sú hátíð sem hefur haft stærsta þýðingu fyrir aðgengi og velgengni íslenskra hljómsveita og tónlistarfólks á erlendri grund. Auk þess að veita íslensku listafólki stökkpall út í heim hefur það beina atvinnu af hátíðinni sjálfri sem reyndist sérstaklega mikilvægt á tímum heimsfaraldurs. Hátíðin laðar jafnframt að sér fjölda erlendra gesta og er mikilvæg fyrir markaðssetningu á Reykjavík sem áfangastað.

*RIFF – 7,5 milljónir.* Reykjavík International Film Festival hefur skapað sér nafn langt út fyrir landsteinana og þróað sterk tengsl við lykilaðila innan kvikmyndageirans erlendis líkt og sést á þeim kvikmyndum og erlendum gestum sem hún nær til landsins.

*Samanlagt fengju þessar hátíðir 50 milljónir króna árlega.*

Að lokum var faghópurinn sammála um mikilvægi þess að taka núverandi fyrirkomulag við val og úthlutun til borgarhátíða til endurskoðunar. Ljóst er að þrjár til fjórar hátíðir eru orðnar það samofnar menningu og ímynd borgarinnar, auk þess að gegna mikilvægu hlutverki fyrir framþróun og atvinnusköpun í sínum geirum, að nánast er óhugsandi annað en að þær verði áfram borgarhátíðir. Það hefur hamlandi áhrif á möguleika minni hátíða til að hljóta þann titil og stendur þar af leiðandi í vegi fyrir framþróun í hátíðarflóru borgarinnar. Jafnframt geta frambærilegar hátíðir sem haldnar eru annað hvort ár ekki hlotið titilinn borgarhátíðir samkvæmt núverandi reglum og að lokum er vert að benda á að borgarhátíðasjóður er ekki vísitölutengdur og lækkar því að raunvirði á milli ára. Í ljósi þessa leggur faghópurinn til að eftirfarandi verði tekið til skoðunar:

- Að gera fasta samninga til lengri tíma við stærri hátíðir sem út frá menningu, ímynd og mikilvægi hafa skipað sér fastan sess sem borgarhátíðir
- Að faghópur taki til umsagnar aðrar umsóknir í borgarhátíðasjóð
- Að endurskoða reglur með það í huga að tvíæringar eigi möguleika á að hljóta titilinn borgarhátíðir
- Að upphæðir í borgarhátíðasjóði verði vísitölutengdar

Faghópur vill í þessu samhengi einnig benda á sérstöðu Listar án landamæra sem ekki komst á lista yfir borgarhátíðir en er að mati hópsins einstök hátíð með burði til að vaxa og dafna. Hún, líkt og Hinsegin dagar, hefur sérstöðu sem mannréttindahátíð og stendur fyrir gildum sem eru hluti af ímynd Reykjavíkurborgar. Jafnframt stuðlar hátíðin að þeirri inngildingum sem lögð er áhersla á í menningarstefnu borgarinnar og hvetur hópurinn til að á þeim forsendum verði tekið til skoðunar að gera fastan samning við hana.

F.h. faghópsins

GPP